



Leiðbeinandi tilmæli um samræmda
framsetningu tiltekinna skýringarliða
í ársreikningum váttryggingafélaga

Nr. 1/2020

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga
nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

28. febrúar 2020



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Inngangur

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skulu ársreikningar gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélaga og ber félögunum að semja ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þær upplýsingar sem eru ekki staðlaðar í alþjóðlegum reikningsskilastöðum hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) eftirlit með að séu settar fram á samræmdan hátt, sbr. 3. mgr. 53. gr. sömu laga.

Til samræmis við hlutverk sitt hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að gefa út leiðbeinandi tilmæli um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangur tilmælanna er að skýra hugtakanotkun og framsetningu lykilstærða og stuðla þannig að auknu gagnsæi og samræmi í efni og framsetningu fjárhagsupplýsinga váttryggingafélaga. Í tilmælunum eru settar fram leiðbeiningar um framsetningu upplýsinga um fjárhagslega stöðu og gjaldþol og fimm ára yfirlits með helstu niðurstöðu- og kennitölum úr rekstri og efnahag váttryggingafélags.

Við gerð tilmælanna var höfð hliðsjón af þeim venjum sem skapast hafa á váttryggingamarkaði, en jafnframt var horft til þeirrar þróunar sem hefur orðið á markaðnum, sérstaklega með innleiðingu Solvency II tilskipunarinnar.¹ Einnig var horft til reglna og framkvæmdar í nágrannalöndunum við gerð tilmælanna.

Solvency II er regluverk sem fjallar meðal annars um varúðarkröfur til váttryggingafélaga. Til að öll félög á Evrópska efnahagssvæðinu lúti sömu varúðarkröfum þarf mat á liðum í efnahagsreikningi að vera eins samræmt og kostur er. Váttryggingaskuld er í flestum tilvikum metin sem summa besta mats, sem er meðaltal framtíðarfjárstreymis vegið með líkindum að teknu tilliti til áhrifa tímasetninga greiðslna með áhættalausum vaxtaferli, og áhættuálags, sem ætlað er að önnur váttryggingafélög áskilji sér fyrir að taka yfir skuldbindingarnar og núvirt miðað við svokallaðan áhættulausan vaxtaferil. Ekki er sjálfgefið að sömu uppgjörsaðferðir séu notaðar í ársreikningum sem fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Umfjöllun um váttryggingaskuld miðast við skaðatryggingafélög sem skipta váttryggingaskuld í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Beita má þeim á starfsemi líftryggingafélaga eftir því sem við á, t.d. ef líftryggingafélag kys að skipta váttryggingaskuld upp í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Hafa ber í huga að sumar kennitölur eiga síður við um líftryggingastarfsemi, t.d. samsett hlutfall.

Í þessum tilmælum er því beint til váttryggingafélaga að sundurgreina breytingar á váttryggingaskuld í liði tengda váttryggingaáhættu annars vegar og liði sem leiða af öðrum breytingum, s.s. hagrænum þáttum. Hagrænir þættir eru t.d. vegna vöxtunar (e. unwinding) tjónaskuldar; áhrif breyttra vaxta og gengisbreytingar. Liðir sem tengjast váttryggingaáhættu eru breytingar vegna váttryggingarekstrar, en einangrun þeirra breytinga er talin vera betur lýsandi sem mælikvarði á matsbreytingu tjónaskuldar.

Tæknilegar vaxta- og gengistekjur af váttryggingaskuld eru reiknaðar út frá hagrænum þáttum, þ.e. forsendum núvirðingar og gengi, fyrir þann hluta váttryggingaskuldar, sem er núvirtur, og fjárfestingatekjur af váttryggingarekstri reiknast af hluta váttryggingaskuldar sem ekki er núvirtur.

Þótt tilmælin beinist að framsetningu í ársreikningum skv. 53. gr. laga um váttryggingastarfsemi er gert ráð fyrir að váttryggingafélög leitist við að samræma

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Solvency II) var innleidd í íslensk lög með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

framsetningu árshlutauppgjöra að framsetningu ársreiknings skv. þessum tilmælum. Hugtakið reikningsár gæti þannig vísað til reikningstímabils þegar uppgjörstímabilið er ekki heilt ár.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að váttryggingafélög taki fram í ársreikningum og öðrum uppgjörum eftir því sem við á að þau vinni eftir þessum tilmælum.

1. Gildissvið

Leiðbeinandi tilmæli þessi ná til váttryggingafélaga sem starfa í samræmi við lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, að undanskildum félögum sem falla undir takmarkað gildissvið laganna sbr. 3. gr.

2. Skýringar

2.1 Breyting á tjónaskuld

Breyting á tjónaskuld er mismunur tjónaskuldar í lok reikningsár og tjónaskuldar í upphafi reikningsárs. Í skýringum skal sundurliða breytingu á tjónaskuld í eftirfarandi liði:

- Breyting tjónaskuldar vegna gengismunar:* Sá hluti breytingar á tjónaskuld eldri ára sem er vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.
- Breyting tjónaskuldar vegna vöxtunar:* Sá hluti breytingar á tjónaskuld eldri ára sem er vegna vöxtunar tjónaskuldar frá upphafi reikningsárs til loka.
- Breyting tjónaskuldar vegna breyttra vaxta:* Sá hluti breytingar á tjónaskuld eldri ára sem er vegna breytinga á vöxtum frá upphafi reikningsárs til loka.
- Bókfærð tjón vegna fyrri ára:* Greiðslur til váttryggingataka eða tjónþola á árinu vegna uppgjors tjóna fyrri ára.
- Matsbreyting á tjónaskuld fyrri ára:* Sá hluti breytingar á tjónaskuld eldri ára sem er tengdum forsendum og mati á váttryggingaáhættu.
- Tjónaskuld vegna nýrra tjóna:* Tjónaskuld vegna tjóna sem urðu á reikningsárinu.

2.2 Gjaldþol

Í skýringum skal birta upplýsingar um fjárhagslega stöðu og gjaldþol váttryggingafélags í samræmi við matsreglur Solvency II. Styðjast skal við eftirfarandi uppsetningu um framsetningu upplýsinga um gjaldþol og gjaldþolskröfu:

Gjaldþol og gjaldþolskrafa	20xx	20xx-1
Gjaldþol		
Gjaldþolskrafa (SCR)		
Gjaldþolshlutfall		
Lágmarksfjármagn (MCR)		
Lágmarksfjármagnshlutfall		

Sundurliðun gjaldþolskröfu	20xx	20xx-1
Líftryggingaráhætta		
Heilsutryggingaráhætta		
Skaðatryggingaráhætta		
Markaðsáhætta		
Mótaðilaáhætta		
Fjölbættingaráhrif		
Grunngjaldþolskrafa (Basic SCR)		
Rekstraráhætta		
Áhætta vegna óefnislegra eigna		
Aðlögun vegna frestaðra skatta		
Gjaldþolskrafa (SCR)		

2.3 Fimm ára yfirlit

Í skýringum skal vera yfirlit með helstu niðurstöðutölum og kennitölum úr rekstri og efnahag váttryggingafélags í heild á reikningsárinu og samsvarandi upplýsingar fjögurra undangenginna reikningsára. Sé ekki unnt að birta upplýsingar vegna undangenginna fimm ára skal birta upplýsingar eins langt aftur og unnt er.

Upplýsingar sem fram koma í fimm ára yfirliti skulu eins og frekast er unnt vera sambærilegar milli ára. Gera þarf grein fyrir því ef svo er ekki.

2.3.1 Fjárhagsupplýsingar í fimm ára yfirliti

Í fimm ára yfirliti skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi fjárhagsupplýsingar:

1. Iðgjöld ársins.
2. Tjón ársins.
3. Niðurstaða endurtrygginga.
4. Rekstrarkostnaður af váttryggingarekstri
5. Hagnaður eða tap af váttryggingarekstri.
6. Hagnaður eða tap af fjármálarekstri.
7. Hagnaður eða tap ársins fyrir skatta.
8. Váttryggingaskuld.
9. Heildareignir.
10. Eigið fé.

1. *Iðgjöld ársins*: Bókfærð iðgjöld að viðbætti breytingu á iðgjaldaskuld án breytinga vegna gengismunar, vöxtunar og breyttra vaxta sem færðar eru undir *tæknilegar vaxta- og gengistekjur af váttryggingaskuld*.

Með *bókfærðum iðgjöldum* er átt við heildarfjárhæð iðgjalda vegna þeirra váttryggingarsamninga sem félagið hefur gert á reikningsárinu í frumtryggingum og endurtryggingum hvort sem iðgjöldin eru greidd eða ógreidd. Bókfærð iðgjöld eru færð að frádregnum endurgreiddum og niðurfelldum iðgjöldum. Einnig er afsláttur af iðgjöldum sem veittur er á tímabilinu dreginn frá. Gjöld til opinberra aðila sem innheimt eru með iðgjöldum eru ekki færð undir þennan lið. Þegar um samtryggingu er að ræða er eingöngu færður sá hluti iðgjaldsins sem samsvarar þátttöku félagsins.

Með *breytingu á iðgjaldaskuld* er átt við iðgjaldaskuld í lok ársins að frádreginni iðgjaldaskuld í upphafi ársins.

2. *Tjón ársins*: Bókfærð tjón, matsbreyting á tjónaskuld fyrri ára, breyting á áhættuálagi og tjónaskuld vegna nýrra tjóna að frádregnum bókfærðum tjónum vegna fyrri ára.

Með *bókfærðum tjónum* er átt við heildarfjárhæð greiddra tjóna á reikningsárinu ásamt kostnaði við einstök tjón, svo sem við mat þeirra, og því sem varið er til að takmarka orðin tjón og að koma í veg fyrir frekara tjón, bæði eigin kostnað og aðkeyptan en að frádregnum yfirteknum váttryggðum fjármunum og réttindum sem félagið öðlast.

Með *áhættuálagi* er átt við þá fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur váttryggingafélög áskilji sér til þess að taka að sér og standa við þær skuldbindingar sem váttryggingaskuld félagsins er ætlað að mæta, sbr. 6. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016.

Matsbreytingar á tjónaskuld fyrri ára vegna gengismunar, vöxtunar og breyttra

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

vaxta skal ekki færa undir tjón ársins, heldur undir *tæknilegar vaxta- og gengistekjur af váttryggingaskuld*.

3. *Niðurstaða endurtrygginga*: Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins, fengin umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum að frádregnum hlut endurtryggjenda í iðgjöldum ársins.

4. *Rekstrarkostnaður af váttryggingarekstri*:

Með *rekstrarkostnaði af váttryggingarekstri* er átt við kostnað félagsins við öflun váttrygginga og rekstur váttryggingastofnsins svo sem launakostnað vegna þessa rekstrarþáttar, innheimtu iðgjalda, umboðslaun, kostnað við markaðssetningu og sölu, leigukostnað, skrifstofu- og stjórnunarkostnað, þar með talin kostnað við skrifstofubúnað og afskriftir á eignum.

5. *Hagnaður eða tap af váttryggingarekstri*: Iðgjöld ársins að frádregnum tjónum ársins, niðurstöðu endurtrygginga og rekstrarkostnaði af váttryggingarekstri og viðbættum fjárfestingatekjum af váttryggingarekstri.

Fjárfestingatekjur af váttryggingarekstri reiknast af hluta váttryggingaskuldar sem ekki er núvirtur í samræmi við viðeigandi áhættulausan vaxtaferil skv. 77. gr. laga nr. 100/2016 m.v. meðaltal eigin váttryggingaskuldar í upphafi og lok reikningstímabilsins að viðbættri breytingu vegna gengismunar. Við útreikninginn skal miða við þá vexti sem samsvara áætluðum meðallíftíma þess hluta váttryggingaskuldar sem ekki er núvirtur.

6. *Hagnaður eða tap af fjármálarekstri*: Tekjur af fjármálarekstri og annarrar starfsemi að frátöldum rekstrarkostnaði vegna fjárfestinga og annarrar starfsemi, fjárfestingatekjum af váttryggingastarfsemi og tæknilegum vaxta- og gengistekjum af váttryggingaskuld.

Með *rekstrarkostnaði vegna fjárfestinga og annarrar starfsemi* er átt við annan kostnað en þann sem rekja má til öflunar váttrygginga og reksturs váttryggingastofns svo sem skrifstofu- og stjórnunarkostnað við umsýslu og stjórnun fjárfestinga félagsins, vaxtagjöld, verðbætur og önnur hliðstæð gjöld af skuldum og reiknuðum skuldbindingum félagsins og rekstrarkostnað vegna fasteigna í eigu félagsins sem ekki eru til eigin nota.

Með *tæknilegum vaxta- og gengistekjum af váttryggingaskuld* er átt við breytingar á váttryggingaskuld eldri ára vegna breytinga á gengi gjaldmiðla, breytingu váttryggingaskuldar vegna vöxtunar og breytingu tjónaskuldar vegna breyttra vaxta.

7. *Hagnaður eða tap ársins fyrir skatta*: Reiknast sem samtala fjárhæða í 5. og 6. tölulið.

2.3.2 Kennitölur í fimm ára yfirliti

Í fimm ára yfirliti skal að lágmarki gera grein fyrir eftirfarandi kennitölum:

1. Tjónahlutfalli.
2. Kostnaðarhlutfalli.
3. Endurtryggingahlutfalli.
4. Samsettu hlutfalli.
5. Rekstrarhlutfalli.
6. Hlutfallslegri matsbreytingu tjónaskuldar.
7. Arðsemi eigin fjár fyrir skatt.
8. Arðsemi eigin fjár eftir skatt.
9. Gjaldþolshlutfalli.

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

10. Lágmarksfjármagnshlutfalli.

1. *Tjónahlutfall:* Hlutfallið milli tjóna ársins og iðgjalda ársins.
2. *Kostnaðarhlutfall:* Hlutfallið milli rekstrarkostnaðar af váttryggingarekstri og iðgjalda ársins.
3. *Endurtryggingahlutfall:* Niðurstaða endurtrygginga sem hlutfall af iðgjöldum ársins.
4. *Samsett hlutfall:* Heildarsumma af tjónahlutfalli, kostnaðarhlutfalli og endurtryggingahlutfalli.
5. *Rekstrarhlutfall:* Samsett hlutfall að viðbættum fjárfestingatekjum af váttryggingarekstri og öðrum tekjum í nefnara.
Aðrar tekjur af váttryggingarekstri eru tekjur í váttryggingarekstri sem ekki eru taldar annars staðar.
6. *Hlutfallsleg matsbreyting tjónaskuldar:* Matsbreyting á tjónaskuld fyrri ára sem hlutfall af tjónaskuld í upphafi reikningsárs.
7. – 8. *Arðsemi eigin fjár:* Hagnaður eða tap ársins sem hlutfall af meðalstöðu eigin fjár fyrir og eftir skatt.
9. *Gjaldpólshlutfall:* Hlutfall gjaldpóls og gjaldpólskröfu skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Hafi stjórn félagsins lagt til að arður sé greiddur vegna rekstrarárs skal hlutfallið taka mið af þeirri tillögu.
10. *Lágmarksfjármagnshlutfall:* Hlutfall gjaldpóls og lágmarksfjármagns.

Fjármálaeftirlitinu,

17. mars 2020

Unnur Gunnarsdóttir.

Rúnar Guðmundsson